

Alþingi
Erindi nr. P 135/3092
komudagur 11.8.2008

Gallerí Fold
Rauðarárstíg 14
105 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu með síðari breytingum (eigendasaga myndverka o.fl.).

Þó skrifari sé orðinn skelfilega þreyttur á þessu máli í heild sinni vill hann samt taka eftirfarandi fram:

Þetta mun vera í þriðja sinn sem frumvarp um eigendasögur kemur fram, en hin tvö hafa ekki náð fram að ganga. Að okkar dómi er þessi breytingartillaga á lögnum sú allra vitlausasta fram að þessu. Tvennt má aðallega nefna til:

- A) Langflest þeirra um 900 verka sem talin eru fölsuð (og flest eru ennþá í vörslu fórnarlamba fölsunarmálsins) kostuðu minna en 500 þúsund krónur (sem betur fer reyndar).
- B) Næstum ómögulegt er að sannreyna eigendasögur og til að sanna það er lagt til að Viðskiptaráðuneytinu verði falið að sannreyna eigendasögur (sem sumar eru nánast örugglega upplagnar) og birtar eru í uppboðsskrám Gallerís Borgar nr. 1 og 2. frá þessu ári.

Þegar frumvarpið kom fram í fyrsta skipti fannst ágæt lausn á því af hvaða verkum væri skynsamlegt að taka eigendasögur. Þá var rætt um að útbúa lista yfir listamenn sem helst væri hætt á að yrðu falsaðir. Uppistaðan átti að vera nöfn þeirra listamanna sem komu við sögu í stóra fölsunarmálinu. Sé sú tillaga útfærð á réttan hátt er það að okkar dómi skynsamlegasta leiðin í málinu. Verði hún ekki farin er það skoðun okkar að annað hvort eigi að sleppa þessu alveg, eða þá að gera skylt að eigendasögur verði teknar af öllu sem kemur í endursölu, smáu og stóru, merkilegu og ómerkilegu, leirmunum, eftirprentunum, verkum “gömlu meistaranna” og öll þar á milli.

Til upprifjunar þá snýst málið um þatta:

Á árunum 1988 til 1997 voru seld á skiplagðan hátt mörg hundruð fölsuð myndverk hjá listmunasölu einni í Reykjavík. Glöggur forvörður kom upp um málið og vann árum saman án þóknunar við að upplýsa það. Ákæra var lögð fram sem leiddi til fangelsisdóms yfir eiganda viðkomandi fyrirtækis. Málið hélt áfram að vinda upp á sig og varð með tímanum umfangsmesta mál sinnar tegundar sem komið hefur upp á Norðurlöndum og þó víðar væri leitað. Önnur ákæra var lögð fram, en vegna sameiginlegs klúðurs lögreglu, ákærvalds og dómstóla sluppu sakborningar við refsingu.


Við svo mátti ekki búa og að íslenskum sið var skipuð nefnd til að gera tillögur um aðgerðir til að slíkir atburðir gætu ekki endurtekið sig. Án þess að mjög lítið sé gert úr störfum nefndarinnar verður að segja að eftirtekjan hafi verið rýr. Helst datt mönnum í hug að ráðlagt væri að skylda söluaðila til að taka eigendasögur af verkum sem þeir selja. Nú má öllum ver ljóst að söluaðila er ómögulegt að sannreyna eigendasögur og að fyrst lögregla gat ekki fært sönnur á sannleiksgildi þeirra í fölsunarmálinu er frekar ótrúlegt að söluaðilar geti frekar gert það.

Að íslenskum sið þykir þó nauðsynlegt að gera eitthvað, en samt ekki það sem dugar og kemur að gagni. Þess vegna er umrætt frumvarp lagt fram í þriðja sinn.

Eftirmálinn er svo þessi: Sakborningur í fölsunarmálinu er kominn aftur á kreik, búinn að opna listmunasölu og hefur þegar haldið tvö uppboð. Á þeim hafa þegar verið seld verk sem þykja vægast sagt grunsamleg. Þeim er þetta ritar er kunnugt um að fólk sem keypti fölsuð verk á árunum 1988 – 1997 hefur farið með þau í sölu í nýtt listhús sakborningsins og þar hafa þau verið tekin í sölu. Þetta er staðreyndin sem blasir við. Skrifari fullyrðir að hvergi á vesturlöndum gæti þetta gerst. Þar hafa stjórnvöld raunverulegan áhuga á að standa vörð um menningu þjóða sinna. Hér einkennast aðgerðir af máttleysi.

Hafi menn einhvern áhuga á að koma í veg fyrir að áframhald verði á fölsunarmálum á Íslandi þarf að gera allt aðrar ráðstafanir. Fyrsta skrefið gæti verið að fyrirbyggja að aðilar sem gerst hafa sekir um að selja vísitandi (mörg hundruð) fölsuð verk geti haldið því áfram eins og ekkert hafi í skorist. Þá yrði brugðist við á trúverðugan hátt og við gætum jafnvel sloppið við að vera áframhaldandi aðhlátursefni meðal listunnenda í nágrannalöndunum.

Reykjavík 11. ágúst 2008,
f.h. Gallerís Foldar,


Tryggvi P. Friðriksson.